



Reykjavík, 7. október 2024

FAS24090027

Borgarráð

Tillaga um slit Kirkjubyggingarsjóðs Reykjavíkur.

Lagt er til að Kirkjubyggingarsjóði Reykjavíkur verði slitið en sjóðurinn er eignalaus, með fyrirvara um samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

Greinargerð:

Vísað er til tölvupósts, dags. 27. ágúst 2024, sem barst lögfræðingi fjármála- og áhættustýringarsviðs frá skrifstofustjóra bókahaldsdeildar sama sviðs, þar sem lagt er til að Kirkjubyggingarsjóði Reykjavíkur verði slitið þar sem sjóðurinn er eignalaus.

Fram kemur í skipulagsskrá sjóðsins frá 1954, nánar tiltekið í 2. gr. að hlutverk sjóðsins sé að styrkja með óafturkræfum framlögum kirkjubyggingar safnaða í Reykjavík, með það takmark fyrir augum, að þeir eignist hver sína kirkju, svo fljótt sem verða má.

Ársreikningur fyrir árið 2023 var lagður fram þann 12. ágúst 2024 þar sem fram kemur að eigið fé sjóðsins nemi 0 kr. Þar sem sjóðurinn á engar eignir, er lagt til að sjóðnum verði slitið.

Niðurlagning og ráðstöfun fjármuna umrædds sjóðs eru háð samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Reykjavíkurborg er vörsluaðili sjóðsins og yfir honum er engin starfandi stjórn. Því er óskað eftir að borgarráð samþykki að leggja niður sjóðinn með fyrirvara um samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra, í samræmi við framangreinda tillögu.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Samrit:

Hjálagt: Ársreikningur sjóðsins 2023, skipulagsskrá og greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs.



Reykjavík



Reykjavík, 7. október 2024

FAS24090027

Greinargerð um slit Kirkjubýggingarsjóðs Reykjavíkur FAS24090027

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, er sýslumanni heimilt að leggja niður staðfestan sjóð eða stofnun en eignum skal varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum. Í 3. mgr. sömu greinar kemur fram að ávallt skuli leita umsagnar Ríkisendurskoðunar ef leggja eigi sjóð niður.

Leitað var til sýslumannsins á Norðurlandi vestra sem sér um slit sjóða sem starfa skv. skipulagsskrá og beðið um álit á því hvort heimilt væri að borgarráð myndi samþykka slit sjóðanna og ráðstöfun eigna þeirra þar sem engin stjórn sé staðar í sjóðunum. Sýslumaður samþykkti þá leið og sagðist yfirfara gögnin þegar tillögurnar væru sendar þeim ásamt samþykki borgarráðs og í framhaldi senda þær áfram til Ríkisendurskoðunar.

Eins og áður hefur komið fram, segir í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988 að eignum sjóðanna skuli varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum sem fram koma í stofnskrá sjóðanna. Þar sem sjóðurinn er eignalaust á þessi grein ekki við sjóðinn.

Eins og fram hefur komið er slit umrædds sjóðs háð samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988.

Niðurlag:

Niðurlagning og ráðstöfun fjármuna umrædds sjóðs eru háð samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 6. gr. fyrrgreindra laga skal við niðurlagningu sjóðs eignum varið til málefna sem skyld eru hinum upphaflegu markmiðum en Reykjavíkurborg er vörsluaðili sjóðsins og yfir honum er engin starfandi stjórn. Engir fjármunir eru í sjóðnum og því er óskað eftir að borgarráð samþykki að leggja niður sjóðinn með fyrirvara um samþykki sýslumannsins á Norðurlandi vestra, í samræmi við framangreinda tillögu.

Virðingarfyllt,
Halla Björg Evans, lögfræðingur
Fjármála- og áhættustýring

SKIPULAGSSKRÁ

Kirkjubyggingasjóðs Reykjavíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kirkjubyggingasjóður Reykjavíkur.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja með óafturkræfum framlögum kirkjubyggingar safnaða í Reykjavík, með það takmark fyrir augum, að þeir eignist hver sína kirkju, svo fljótt sem verða má.

Söfnuður utan þjóðkirkjunnar getur þó því aðeins notið styrks úr sjóðnum, að hann hafi löggiltan forstöðumann.

Framlög til utanþjóðkirkjusafnaðar eru endurkræf, ef söfnuðurinn hættir störfum.

3. gr.

Tekjur sjóðsins verði: Framlag Reykjavíkurbæjar á komandi árum til kirkjubygginga í Reykjavík, framlög til kirkjubygginga frá Kirkjugörðum Reykjavíkur, gjafir, arfar, áheit og aðrir slíkir styrkir og framlög, er ánafnaðir verða sjóðnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, og séu 2 þeirra kjörnir af safnaðarráði Reykjavíkur og 1 af bæjarráði Reykjavíkur, til fjögurra ára í senn.

Sjóðstjórnin skal hafa forgöngu um öflun fjár til sjóðsins, varðveitir hann og gerir rökstuddar tillögur til bæjarstjórnar Reykjavíkur um styrkveitingar úr honum.

5. gr.

Skilyrði til styrkveitinga úr sjóðnum til byggingar nýrrar kirkju eru:

1. Að lóð, samþykktir uppdrættir og nauðsynleg byggingaleyfi séu fyrir hendi.

1954

270

129
22. okt.

2. Að söfnuður sá, sem um styrk sækir, hafi lagt fram eða leggi fram til byggingarinnar a. m. k. $\frac{1}{4}$ hluta þeirrar fjárhæðar, sem veitt er.
3. Að stærð kirkju sé í hóf stillt, miðað við þarfir safnaðarins. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má þó styrkja kirkjubyggingu, þótt stærð kirkju fari fram úr því, sem þörf safnaðar krefur.

6. gr.

Söfnuðir, sem þegar hafa lokið byggingu kirkju að mestu eða öllu leyti, geta fengið styrk úr sjóðnum, enda hrökkvi tekjur þeirra ekki til greiðslu vaxta og afborgana af skuldum vegna kirkjubygginga sinna, þegar frá hefur verið dreginn nauðsynlegur rekstrarkostnaður.

7. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur úthlutar styrkjum úr sjóðnum, að fengnum tillögum sjóðstjórnarinnar. Umsóknir um styrki skulu sendar sjóðstjórninni, stilaðar til bæjarstjórnar.

Styrkveitingu skal haga þannig, að hún komi að sem bestum notum og leysi hverju sinni framkvæmanlega og nauðsynlega áfanga að settu marki, sbr. 2. gr.

Úthlutun skal að jafnaði lokið fyrir 1. júní ár hvert.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Tveir endurskoðendur hans skulu kosnir til eins árs í senn. Skal annar kjörinn af bæjarstjórn Reykjavíkur, en hinn af safnaðarráði Reykjavíkur.

Reikning sjóðsins skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, svo og á breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni.

130

REGLUGERÐ

þeir
bezt
blaða
áfang

Alþi
til s
leiðb
samr
um s
bindi
máli
neyzl

menr

menr

úthl
sreid

Ársreikningur 2023
Kirkjubyggingasjóður Reykjavíkur

Númer í sjóðaskrá 826

Efnisyfirlit

	Bls.
Staðfesting stjórnar, nafn og aðsetur vörsluaðila	2
Áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5

Staðfesting stjórnar

Stjórn Kirkjubýggingasjóðs staðfestir hér með ársreikning þennan fyrir árið 2023 með áritun sinni.

Reykjavík, 12. ágúst 2024.

Vinsamlegast vérlitið nöfn og áritið einnig

Nöfn stjórnarmanna

Halldóra Káradóttir



Kennitala

030365-4379

Heimili

Naustavör 18

Vörsluaðili

Reykjavíkurborg

Heimili Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík

Áritun skoðunarmanns

Til stjórnar

Ég undirritaður hef aðstoðað við gerð ársreiknings Kirkjubýggingasjóðs Reykjavíkur fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.


Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við III. kafla laga um bókhald nr. 145/1994. Þeim ber einnig að sjá til þess að viðeigandi eftirlit sé til staðar þar sem það á við og að ársreikningurinn sé í meginatriðum byggður á viðeigandi reglum ársreikningakafla bókhaldslaga og án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ég hef skipulagt og hagað vinnu minni í samræmi við viðurkenndar aðferðir á Íslandi við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Kirkjubýggingasjóð Reykjavíkur við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Ég hef tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og skipta máli koma þar fram. Við teljum okkur hafa aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

Ég undirritaður hef yfirfarið ársreikningurinn og tel að hann gefi glögga mynd af afkomu Kirkjubýggingasjóðs Reykjavíkur á árinu 2023 og efnahag 31. desember 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 12. ágúst 2024.



Rekstrarreikningur ársins 2023

Tekjur	Skýr.	2023	2022
Aðrar tekjur		<u>0</u>	<u>0</u>
	Tekjur samtals	<u>0</u>	<u>0</u>
Gjöld			
Annar kostnaður		<u>0</u>	<u>0</u>
	Gjöld samtals	<u>0</u>	<u>0</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
		<u>0</u>	<u>0</u>
Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur og verðbætur		0	0
Fjármagnstekjuskattur		<u>0</u>	<u>0</u>
	Fjárm.liðir samtals	<u>0</u>	<u>0</u>
Niðurstaða rekstrar			
		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	2023	2022
Veltufjármunir			
Bankainnstæður og sjóðir		<u>0</u>	<u>0</u>
Veltufjármunir samtals		<u>0</u>	<u>0</u>
Eignir alls		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Eigið fé í ársbyrjun		0	0
Tekjur umfram gjöld		<u>0</u>	<u>0</u>
Eigið fé samtals		<u>0</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur kostnaður			
Aðrar skammtímaskuldir		<u>0</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>0</u>	<u>0</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>